

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Patreksfirði



Dags eftirlits	15.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Örn Eggertsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	Staðsetning	269447,152 575484,402

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá ákvæðum starfsleyfis komu fram við eftirlit er varða þjálfun starfsmanns og skráningum og aðgengi að upplýsingum í rekstrarhandbók. Ein ábending var sett fram er varðar uppfærslu áætlana og verklagsreglna m.t.t. nýs stöðvarstjóra.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að olíubirgðastöð Olíudreifingar að Vatnseyri við Patreksfjörð. Stöðin hefur leyfi til að taka á móti og geyma allt að 1.400 m³ af olíu í stöðinni og móttaka á allt að 50 tonnum af úrgangsolíu á ári er heimil. Einnig er heimilt að geyma allt að 200 m³ af bensíni í stöðinni en gegnumstreymi þess skal þó vera minna en 5.000 tonn á ári.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Umfang, frágangur birgðageyma, verkstjórn og verkferlar
- Vöktunarmælingar
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar og þjálfun starfsfólks
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar – sniðmát - Kynning
- Stjórnvaldssektir – kynning
- Notkun efna við hreinsun stranda - Kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Þrjú frávik frá starfsleyfi komu fram við síðasta eftirlit. Var strax brugðist við þeim og því var ekki um eftirfylgni með þeim að ræða. Tveimur ábendingum var komið á framfæri og var einnig brugðist fljótt við og þeim málum komið í lag.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti aðrar en nýr stöðvarstjóri tók við stöðinni í maí sl.

Fimm olíugeymar eru í stöðinni, þrjár lóðréttir olíugeymar og tveir láréttir bensíngeymar. Geymir nr. 1 inniheldur litaða gasolíu, geymir nr. 2 inniheldur gasolíu og geymir nr. 3 inniheldur flotaolíu, geymir nr. 4 og 5 innihalda bensín. heildar magn olíu í stöðinni þegar eftirlitið fór fram var um 290.000L af olíu og tæp 15.000L af bensíni. Gegnumstreymi bensíns árið 2021 var um 738.000L. Tveir færanlegir úrgangsolíugeymar stóðu á steypu plani fyrir framan stöðina, við afgreiðsluplan. Planid er olíuhelt og tengt olíuskilju. Allir geymar voru botnþykktarmældir á árunum 2019 og 2020 og áframhaldandi notkun þeirra staðfest. Geymana skal þykktarmæla að lágmarki á 10 ára fresti skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Allar lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2020 og er næsta prófun því árið 2025, eða á 5 ára fresti.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi

geymar með föstu þaki sem eru á olíubirgðastöðvum þar sem gegnumstreymi er minna en 5.000 tonn á ári undanþegnið ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað og ákvæði um fljótandi innra þak. Stöðin á Patreksfirði fellur undir þetta ákvæði. Mæla skal olíu í frárennsli að lágmarki 3ja hvert ár skv. gr. 4.2 í starfsleyfi og minnt er á að gera þarf mælingu nú í ár.

Teikningar af stöðinni voru sýnilegar upp á vegg og starfsleyfið til staðar en önnur gögn voru ýmist ekki aðgengileg eftirlitsaðila á staðnum eða þörfnuðust endurskoðunar skv. gr. 4.3 í rekstrarhandbók.

Þjálfun nýs stöðvarstjóra er að nokkru ábótavant m.t.t. skráninga, mælinga, verklagsreglna og þekkingu áætlana hvað varðar mengunaróhöpp skv. gr. 2.3 í starfsleyfi. Starfsmannahandbók sem aðgengileg er öllum starfsmönnum á rafrænum grunni rekstraraðila var ekki aðgengileg stöðvarstjóra er eftirlitið fór fram þar sem lykilorð vantaði. Rafrænn fundur var tekinn með forsvarsmönnum rekstraraðila þann 26. ágúst sl. og farið yfir það sem uppá vantaði er eftirlitið fór fram og bætt verður úr þjálfun stöðvarstjóra sem allra fyrst.

Bent var á að öryggisblöð efna skulu vera á aðgengilegu formi þannig að auðvelt sé að grípa með til viðbragðsaðila í bráðatilvikum, t.d. í plastvasa á vegg, í sér möppu eða aðgengileg með einföldum hætti, í rafrænum gagnagrunni tengdum síma starfsmanns.

Öllum úrgangi þ.m.t. olíublautum úrgangi, er skilað til Kubbs sem er móttökustaður úrgangs á Patreksfirði.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir í stöðinni og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina og olíuheld þró skoðuð. Engar ábendingar eru settar fram þar um. Stöðin er snyrtileg á að líta, girðingar eru í lagi og vel við haldið. Gengið var út á bryggju við stöðina og lagnir fyrir löndun olíu skoðaðar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 2.3 í starfsleyfi	Þjálfun stöðvarstjóra er ekki fullnægjandi og aðgengi hans að mikilvægum áætlunum og göngum ekki til staðar.
Gr. 4.1 og 4.3 í starfsleyfi	Skráningum og aðgengi á upplýsingum í rekstrarhandbók, varðandi rekstrarþætti stöðvarinnar er ábótavant.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi áætlanir og verklagsreglur m.t.t. nýs stöðvarstjóra.

ANNAÐ


Meðfylgjandi fundarboðinu var sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig fylgdi kynning um stjórnvaldssektir rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana sem og leiðbeiningar um notkun efna við hreinsun stranda og mannvirkja innan hafnarsvæðis.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaráhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.09.2022



Guðbjörg Stella Árnadóttir

